

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
101 Reykjavík

Reykjavík 26. september 2016

Efni: umsögn STEFs um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum (eintakagerð til einkanota), 870. mál

STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972, mál nr. 870.

STEF fagnar því að frumvarp þetta skuli loks líta dagsins ljós, enda er hér um að ræða baráttumál samtakanna til margra ára. Er löngu tímært að greiða rétthöfum sanngjarnt endurgjald vegna eintakagerðar til einkanota af öllum tækjum og hlutum til upptöku en réttahafar á Íslandi hafa orðið fyrir miklu fjárhagslegu tjóni undanfarin ár þar sem lög hafa ekki fylgt eftir tæknibreytingum og breytingum á neyslumynstri upptökutækja og miðla. Skylda þessi er ótvíræð skv. höfundalögum svo og tilskipun Evrópusambandsins og hefur verið staðfest af Evrópudómstólnum í fleiri en einu máli. Hafði Íslandi að þessu leyti dregist mjög aftur úr öðrum Evrópuríkjum og þá sérstaklega Norðurlöndunum, en í bæði Finnlandi og Noregi er að finna sambærilegt fyrirkomulag og lagt er til í frumvarpinu.

STEF telur að frumvarpið muni bæta stöðu tónhöfunda sem og annarra réttihafa sem hafa skapað það efni sem hægt er að gera eintök af þar sem gert er ráð fyrir í frumvörpinu að grundvöllur gjaldsins verði sambærilegur og þekkist víða annars staðar.

Með vísan til þess sem að framan getur styður STEF að frumvarpið verði samþykkt og leggur á það áherslu að málið verði unnið hratt þar sem mjög skammur tími er til stefnu að afgreiða málið.

Virðingarfyllst,

f.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkv.stj.